SAMÞYKKT

um sorphirðu í Stykkishólmi.

1. gr.

Stykkishólmsbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) í Stykkishólmi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn bygginga- og skipulagsdeildar og eftirliti heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Stykkishólmsbær getur falið verktökum að annast innsöfnun á sorpi (sorphreinsun) í Stykkishólmi.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphirðu skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Stykkishólmi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Stykkishólmsbær leggur til sorpílát við upphaf breyttrar sorphirðu til einstaklinga.

Fyrirtækjum og aðilum sem þurfa stærri sorpílát gefst kostur á leigu á sorpílátum samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur.

6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í þau mold, möl, grjót, byggingarúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

7. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi.

Flokkað sorp er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlægt oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum.

8. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og þess háttar skal skila á sorpmóttökusvæði Stykkishólmsbæjar.

9. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 7. gr. ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Ef fyrirtæki eða stofnanir óska þá hirðir Stykkishólmsbær sorp, sem fellur undir 6. gr. frá þeim, gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Stykkishólmsbær leggur til og leigir sorpílát þeim fyrirtækjum eða stofnunum sem hann hreinsar frá samkvæmt gjaldskrá. Frágangur og umgengni um sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Annan flutning á sorpi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðiseftirlits.

10. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp. Heimilt er að innheimta sorphirðugjald hjá lögaðila samkvæmt rúmmáli, þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld ef álagning gjaldsins verður ekki tengd innheimtu fasteignagjalda. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign. Njóti íbúar í dreifbýli og eigendur sumarhúsa sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt gjaldskrá í samræmi við veitta þjónustu.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til bygginga- og skipulagsdeildar, heilbrigðiseftirlits eða eftirlitsmanns sorpmála.

12. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti eða eftirlitsmanni sorphirðumála, sem hlutast til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorpílát eða hirða úr þeim.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 23. og 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 25. febrúar 1998.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.